



Torfastaðir í Vopnafirði Fornleifaskráning vegna skógræktar

Guðný Zoëga

Rannsóknarskýrslur 2024/001

Forsíðumynd: Horft til suðausturs yfir land jarðarinnar Torfastaða. Ljósmynd: Sveinn Margeirsson/Brim.

© Guðný Zoëga

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Tilgangur fornleifaskráningar	4
Aðferðafræði	5
Torfastaðir	6
Ágrip af sögu	6
Lýsing á skráningarsvæðinu	7
Fornleifaskrá	8
Minjar í og við heimatún	8
Minjar utan heimatúns, vestan Vesturdalsár	12
Minjar austan Vesturdalsár	27
Minjar skráðar upp úr heimildum með staðsetningu	34
Óstaðsettar minjar	35
Samantekt	37
Minjar á Torfastöðum	37
Hættumat	38
Heimildaskrá	40

Inngangur

Að beiðni útgerðarfélagins Brims voru skráðar fornleifar á jörðinni Torfastöðum í Vopnafirði. Ætlunin er að fara í skógrækt til kolefnisbindingar á jörðinni. Minjar voru skráðar á vettvangi dagana 27. apríl og 7. maí 2023. Allt landsvæði jarðarinnar nema efsti hluti Torfastaðanúps var genginn í leit að minjum. Minjar sem fundust voru mældar upp og skráðar. Drögum að skýrslu var skilað í lok maí 2023 vegna fyrsta áfanga skógræktarinnar, austan Vesturdalsár. Verkkaupi lagði til drónamyndir af svæðinu.

Tengiliður verkkaupa: Sveinn Margeirsson.

Kærar þakkir fær heimildamaður, Valur Guðmundsson bóndi í Fremri-Hlíð, en hann er fyrrum eigandi Torfastaða.

Verknúmer frá Minjastofnun Íslands: 2983

Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða fyrirhugaðra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spilt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga nr. 80 frá 29. júní 2012.¹ Fornleifar teljast, samkvæmt 3. gr. laganna „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri [...]“

Um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda segir í 16. gr.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. [...] Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi [...]

Í 24 gr. segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonun umsvifalaust svo skera megir um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á að sjálfsögðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsétt.

¹ Lögin má í heild skoða á vefsíðu Alþingis: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Aðferðafræði

Í undirbúningi að vettvangsskráningu fornleifa er farið í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Loftmyndir, vefsjár og önnur landfræðileg gagnasöfn eru einnig nýtt til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.

Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra, auk sameiginlegs verkefnanúmers sem Minjastofnun Íslands úthlutar og hlaupandi númer. Númerið er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum. Þar sem minjarnar liggja allar í landi Torfastaða er nafn þeirrar jarðar notað en aftan við það bætt verknúmeri frá Minjastofnun Íslands sem í þessu tilfelli er 2983.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. híbýli manna, sjóhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðræktar eða landrofs. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Hættumat í þessu tilfelli miðast aðallega við hættu af völdum fyrirhugaðrar skógræktar. Verði breytingar á áætluðum framkvæmdum þarf að endurmeta hættumatið.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með GPS tækjum sem gefa nákvæmni undir 1m í skekkju. Afstöðumynd af minjum er að finna í meginmáli en yfirlitsmynd af minjum á jörðinni er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaðan aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minja, þar sem hún er þekkt, gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93). Loftmyndir af svæðinu eru frá Loftmyndum ehf., birtar með leyfi frá Skógræktinni.

Torfastaðir



Mynd 1. Horft til norðvesturs yfir bæjarstæði Torfastaða. Gamli bærinn stóð efst í túni ofan núverandi bæjar. Hægra megin á mynd er Torfastaðaskóli.

Ágrip af sögu

Torfastaðir eru landnámsjörð og er fyrst getið í Landnámu þar sem segir: „Hróaldr bjóla var fóstbróðir Eyvindar vápna. Hann nam land fyrir vestan Vestradalsá, dalinn hálfan ok Selárdal allan út til Digraness. Hann bjó á Torfastöðum”.² Torfastaða er einnig getið í Vopnfirðingasögu en þá bjó þar Elífur Torfason sem reið til vorþings á Fljótsdalshéraði með Bjarna Brodd-Helgasyni, sú för endaði með bardaga í Böðvarsdal milli Bjarna og Þorkels Geitssonar. Þar segir; „En með Bjarna váru í för Þorvarðr læknir af Síreksstöðum, Brúni af Þorbrandsstöðum, Elífr Torfason af Torfastöðum, bræðr tveir af Búastöðum, Bergr og Brandr, Skíði, fóstri Bjarna, ok Haukr Loftsson, ok váru þeir átján saman.”³

Í Sýslu- og sóknalýsingum fyrir Múlasýslur er þess getið að bænhús hafi verið á Torfastöðum en bænhúss er getið í Vilchinsmáldaga frá 1397.⁴ Þann 10. nóvember 1398 þá seldi svo Ólafur Jónsson Guðmundi Þorsteinssyni jörðina Bessastaði í Fljótstal fyrir Torfastaði.⁵

Árið 1686 voru Torfastaðir metnir 26 hundruð en 2 hundruð í hjáleigunni Breiðumýri sem er þar talin sér jörð.⁶ Í jarðatali 1847 eru Torfastaðir metnir á 30 hundruð en þar af er hjáleigan Breiðamýri metin

² Íslensk fornrit I, 1986, bls. 290.

³ Íslendingasögur X, 1953, bls. 54.

⁴ Finnur Karlsson o.fl. 2000, bls. 53; Íslenskt fornbréfasafn IV, 1907, bls. 217.

⁵ Íslenskt fornbréfasafn III, 1896, bls. 639


⁶ Björn Lárusson, 1967, bls. 309.

6 hundruð.⁷ Breiðamýri fór í eyði 1950.⁸ Í eyðibýlaskrá Halldórs Stefánssonar segir: „Torfastaðahjáleiga. Talin eyðibýli 1762 og í eyðibýlaskrá Hofsprests 1794.“⁹ Torfastaðahjáleigu er hvergi annarsstaðar getið og ekki er vitað hvar hún var. Í landi jarðarinnar eru leifar eins, mögulega tveggja, fornþýla sem gætu verið hjáleigan þótt ekki verði það fullýrt án frekari rannsókna.

Í manntali frá 1703 bjuggu átta manns á Torfastöðum og var jörðin þá einbýl. Þar var þó stundum tvíbýli á síðari öldum.¹⁰ Torfastaðir voru í bændaeigu og stundum í eigu sýslumanna. Árið 1945 gaf Alexander Stefánsson jörðina og eignir til heimavistar-barnaskóla í Vopnafirði í framhaldi af því var barnaskóli reistur árið 1949 fyrir Vopnafjarðarsveit.¹¹ Nú er jörðin í eigu Brims, útgerðar-félags og þar er fyrirhuguð skógrækt til kolefnisbindingar.

Lýsing á skráningar-svæðinu

Skráningarsvæðið er allt land innan landamerkja Torfastaða og því fjölbreytt (sjá mynd 2). Jörðin á land vestan Vesturdalsár upp á miðjan Torfastaðanúp. Jörðin á líka ræktarland austan árinna og upp á hábrún ássins mót bænum. Skráningarsvæðið nær því yfir ræktuð heimatún og ræktunarland við ána, Torfastaðaflóa sem er víðtækt mýrarsvæði ofan bæjar og Torfastaðablá sem er mýrlendi norðan bæjar. Hluti svæðis einkennist svo af grónum árbökkum, þurrlendisbrekkum sem nýttar voru til slægna.



Mynd 2. Yfirlistmynd sem sýnir legu minja innan landamerkja Torfastaða. Landamerkin eru merkt með hvítri brotalínu.

⁷ J. Johnsen, 1847, bls. 351.

⁸ Sveitir og jarðir, I. bindi, bls. '83.

⁹ Halldór Stefánsson, 1970, bls. 174.

¹⁰ www.manntal.is sótt á heimasíðu Þjóðskjalasafns Íslands.

¹¹ Sveitir og jarðir í Múlaþingi 1. bindi, 1974, bls. 89.

Fornleifaskrá



Mynd 3. Yfirlistamynd af minjum í og við Heimatún á Torfastöðum.

Minjar í og við heimatún

Torfastaðir 2983-050

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Bæjarhóll, heimild

Staðhættir


Gamli bærinn stóð uppi við túngarðinn [2983-015] um 100m ofan við íbúðarhúsið sem nú stendur.

Lýsing

Þarna er sést nú upphækkuð flöt en engir veggir greinanlegir.

Aðrar upplýsingar

Í Sveitum og jörðum í Múlapingi (bindi I, bls. 91) segir: „Eldri hús: Torfbærinn stóð efst (en núv. íbúðarhús neðst) í gamla túninu uppi undir túngarði áður undir melum. Baðstofa portbyggð $14 \times 5^{1/2}$ alin, þiljað uppi, skarsúð, tví- eða þrískipt fjós undir palli. Þverhús 16×6 álnir með þilvegg móti sa. og bæjardyrum, stofa í framenda og gestaherbergi á lofti.



Mynd 4. Túnakort Torfastaða frá árinu 1920. Á því sést gamli bærinn [2983-050] og matjurtagarður [2983-059]




Mynd 5. Mynd 6. Horft til NV yfir heimatún á Torfastöðum.

Pappalagt timburpak. Bærinn rifinn '21. Timburhús byggt '21 7,69x6,35m, hæð, loft og kjallari. Rifið um '65. Viðbygging, steyppt '24 2 hæðir, fjós niðri, íbúðarherb. í einu lagi uppi. Rifið '69.

Húsakosts á Torfastöðum í upphafi aldarinnar er einnig getið í undirmati fasteigna frá 1916-18 (bls. 149) en þar segir segir: „a. Baðstofa portbyggð 14x15,5al alþiljuð uppi, fjós undir palli (Kýr), b. Bæjardyrhús 5x6 al með timburvegg og timburpaki pappa-lögðu, mikið innanþiljað (stofa), c. Búr og eldarvélarhús, d. Skúrbygging við bæjardyrhúsið 6x5al, e. Geymsluskemma 6x5al, Smiðja, f. Hesthús fyrir 7 hesta, g. Fjárhús fyrir 390 fjár, h. Heyhlöður fyrir 460 hesta.

Torfastaðir 2983-65

Hlutverk: Bænhús



Mynd 7. Minjar á og við gamla bæjarhólinn. Skammt ofan túngarðs eru fjárhús- og hlöðutóft og matjurtagarður.

Tegund: Heimild

Aðrar upplýsingar

Í Sýslu- og sóknalýsingum fyrir Múlasýslur er þess getið að bænhús hafi verið á Torfastöðum og bænhúss er einnig getið þar í Vilchinsmáldaga frá 1397.¹² Hvar bænhúsið hefur verið er nú óþekkt en hafi bærinn alltaf staðið á sama stað má búast við að kirkja og kirkjugarður hafi verið einhverstaðar á gamla bæjarstæðinu efst í túni.

Torfastaðir 2983-012

Hlutverk: Tóft

Tegund: Fjárhús, heytóft?

Staðhættir

Um 20m ofan við gamla bæjarstæðið stóð og um 120m ofan við núverandi bæjarhús er tvískipt tóft, mögulega lítil fjárhús með heytóft.

Lýsing

Tóftin stendur á upphækkun sem bendir til eldri minja undir henni. Vera kann að þetta sé heytóft en í örnefnaskrá (bls. 2) segir „Upp af bænum eru Bæjarmelur og Fjárhúsamelur. Vestan í Fjárhúsamel er grastorfa sem heitir Guðbrandstorfa. Var oft slegin hér áður.“

Tóftin snýr NV-SA og hafa dyr vitað í SA. Í heild er tóftin um 6x11, að utanmáli en SA hólfið er um 3x4m að innanmáli og tóftin aftan við 3x4m. Ekki virtust dyr milli hólfanna. Tóftin er mjög hrunin og algróin grasi en veggir eru hæstir 50cm og veggjaþykkt 1m.



Mynd 8. Horft til austurs yfir matjurtagarð vinstra megin við bæjarlækinn og fjárhús- og hlöðutóft hægra megin.

¹² Finnur Karlsson o.fl. 2000, bls. 53; Íslenskt fornbréfasafn IV, 1907, bls. 217.

Torfastaðir 2983-013

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Garðlag, niðurgröftur

Staðhættir

Um 25m beint norður af gamla bæjarstæðinu þar sem gamli bærinn stóð og 115m NV af núverandi íbúðarhúsi eru leifar af matjurtagarði í suðurhlíð brekku.

Lýsing

Garðurinn er mest 30m langur frá vestri til austurs og 15m frá norðri til suðurs. Vesturhlíð hans er afmörkuð af lágu garðlagi undan girðingu, 30cm háu og mest 50cm breiðu en hinar hliðarnar eru afmarkaðar af niðurgreftinum.

Aðrar upplýsingar**Torfastaðir 2983-015**

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Túngarður sést á um 380m löngum kafla í boga ofan túns á Torfastöðum.

Lýsing

Garðurinn er grjóthlaðinn en orðinn mjög gróinn. Hann er hæstur um 80cm og 1m á þykkt. Yngri vírgirðing liggur eftir hluta hans.

Aðrar upplýsingar

Í búskaparannál Sveita og jarða (1. bindi, bls. 90) segir: „Túngarður ofan við tún undir melum, sáðgarður og nokkrar litlar þaksléttur frá því rétt fyrir aldamót.



Mynd 9. Horft til norðurs eftir leifum túngarðs [2983-050] efst í túni.

Minjar utan heimatúns, vestan Vesturdalsár



Mynd 10. Horft til NV yfir fornar tóftir skammt neðan vegar til Ljótstaða.

Torfastaðir 2983-016

Hlutverk: Óþekkt, skáli?


Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 1.5km innan eða SSV við bæ, í þýfðum lyngi grónum móa, um 25m neðan vegar og um 60m vestur af merkjum við Ljótstaði, er fornt bæjarstæði. Þarna eru vel greinanlegar tóftir skála og annarra bygginga. Tóftirnar eru mjög jarðsokknar og grónar lyngi. Alls eru fimm tóftir greinilegar en fleiri tóftir kunna að leynast á svæðinu. Girðing hefur nýlega verið lögð þvert í gegnum tóftina sem liggur næst veginum [2983-20]. Þrjár stærstu tóftirnar liggja í röð frá SV-NA nyrst á svæðinu. Miðjutóftin er greinanlegust og líkist einna helst tóft af íveruhúsi eða skála

Lýsing

Tóftin liggur SV-NA um 6x13m að utanmáli. Reyndar er NA endi hennar óljós þannig að hún gæti verið eitthvað lengri. Veggir eru mjög hrundir og lyngi grónir og erfitt að meta veggjabykk



Mynd 11. Yfirlitsteikning af fornbýli sunnan Torfastaða. Efst til hægri er yngri? stekkjartóft.

en hún gæti verið ca. 1m. Veggurinn er hæstur um 60cm. Tóftin er mjög jarðsokkin en algróin lyngi en hún er þó gleggst tóftanna á svæðinu. Ekki var hægt að greina dyr á tóftinni.

Aðrar upplýsingar

Tóftin virðist með eilítið bogadregna vegg en aðrar tóftir á svæðinu virðast ferkantaðri. Í eyðibýlaskrá Halldórs Stefánssonar (bls. 174) segir: „Torfastaðahjáleiga. Talin eyðibýli 1762 og í eyðibýlaskrá Hofsprests 1794.“ Hvar Torfastaðahjáleiga var er ekki þekkt en vera kann að hún eigi við þessar minjar eða minjar í Stekkjarþýfi [2983-008].

Torfastaðir 2983-018

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 1,5kmm innan eða SSV við bæ, í þýfðum lyngi grónum móa um 25m neðan vegar og um 60m vestur af merkjum við Ljótsstaði, er fornt bæjarstaði. Þarna eru vel greinanlegar tóftir skála og annarra bygginga. Tóftirnar eru mjög jarðsokknar og grónar lyngi. Alls eru fimm tóftir greinilegar en fleiri tóftir kunna að leynast á svæðinu. Girðing hefur nýlega verið lögð þvert í gegnum tóftina sem liggur næst veginum [2983-20]. Nyrsta og austasta tóftin liggur fremst á brekku og er mjög jarðsokkin. Hún virðist nokkuð ferköntuð, einna líkust rétt eða aðheldi fyrir skepnur.

Lýsing

Tóftin snýr nálega norður-suður og er 8x13m að utanmáli. Veggir eru hæstir um 40cm og 1m á þykkt. Engar dyr eða innri veggjaskipan er sýnileg.

Torfastaðir 2983-020

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 1,5km0 innan eða SSV við bæ, í þýfðum lyngi grónum móa um 25m neðan vegar og um 60m vestur af merkjum við Ljótsstaði, er fornt bæjarstaði. Þarna eru vel greinanlegar tóftir skála og annarra bygginga. Tóftirnar eru mjög jarðsokknar og grónar lyngi. Alls eru fimm tóftir greinilegar en fleiri tóftir kunna að leynast á svæðinu. Þrjár stærstu tóftirnar liggja í röð frá SV-NA nyrst á svæðinu. Syðsta tóftin er vel greinanleg á loftmynd og sést en veggir hennar eru nokkuð útflattir.

Lýsing

Tóftin liggur SV-NA og er um 12m löng og 7m breið að utanmáli. Veggir eru um 1m á breidd en hæð þeirra er mest 10cm.

Aðrar upplýsingar

Girðing hefur nýlega verið lögð þvert í gegnum tóftina vestanverða sem kann að hafa flatt út hluta veggjanna.

Torfastaðir 2983-017

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 1,5kmm innan eða SSV við bæ, í þýfðum lyngi grónum móa um 25m neðan vegar og um 60m vestur af merkjum við Ljótsstaði, er fornt bæjarstaði. Þarna eru vel greinanlegar tóftir skála og annarra

bygginga. Tóftirnar eru mjög jarðsokknar og grónar lyngi. Tvær smærri tóftir eru syðst á svæðinu, nyrðri tóftin er gleggri.

Lýsing

Tóftin snýr SV-NA og er 7m á lengd og um 4m á breidd. Tóftin er mjög jarðsokkin og eru veggir mest um 20cm á hæð og 50cm á breidd. Engar dyr eru sýnilegar á tóftinni.

Torfastaðir 2983-051

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 1,5km innan eða SSV við bæ, í þýfðum lyngi grónum móa um 25m neðan vegar og um 60m vestur af merkjum við Ljósstaði, er fornt bæjarstaði. Þarna eru vel greinanlegar tóftir skála og annarra bygginga. Tóftirnar eru mjög jarðsokknar og grónar lyngi. Tvær smærri tóftir eru syðst á svæðinu, syðri tóftin er ógleggri.

Lýsing

Tóftin liggur SV-NA, hún er um 5m á lengd og 4m á breidd að utanmáli. Veggir virðast mest um 70cm á breidd og um 20cm á hæð en þeir eru mjög jarðsokknir og engar dyr eða önnur veggjaskipan er greinanleg.

Torfastaðir 2983-019

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 1,5km innan við bæjarstaði Torfastaða, í móa um 40m neðan vegar og um 20m norður af tóftum á fornu bæjarstaði [2983-018] er stekkjartóft.

Lýsing

Tóftin liggur nálega austur-vestur og eru dyr til austurs. Tóftin er 5m að breidd að utanmáli og 15m á lengd. Veggir eru hæstir um 50cm og allt að 1m á breidd.

Aðrar upplýsingar

Veggir eru mjög grónir og hrundir, erfitt að greina hvort tóftin hefur verið skipt í tvö hólf en lögun og lega tóftar bendir til að þetta sé stekkur.



Mynd 12. Horft til SA yfir stekk í móa syðst í Torfastaðalandi. Teikning er á mynd 10.



Mynd 13. Stekkjar- og/eða heytóft [2983-005] nyrst í Torfastaðalandi. Horft í SV.

Torfastaðir 2983-005

Hlutverk: Stekkur, heytóft?

Tegund: Tóft, þúst

Staðhættir

Um 1,1km utan við Torfastaðabæ, um 40m neðan við þjóðveg er tvískipt tóft, eða mögulega tvær aðskildar tóftir sem standa á dálítilli upphækkun.

Lýsing

Veggir tóftar eru mjög hrundir og grónir og því erfitt aðgreina nákvæmt veggjalag. Nyrðri tóftin eða hólfið er um 5x4m að utanmáli og snýr NV-SA. Dyr virðast á tóftinni til SA. Minni tóftin er rétt um metra sunnan við, 2x3m að utanmáli, einnig með dyr í SV. Garður eða veggur liggur svo í boga til SA frá smærri tóftinni að þeirri stærri. Veggir eru 20-70cm að hæð og um 80cm á þykkt. Tóftirnar standa á dálítilli upphækkun sem bendir til eldri tófta undir.

Aðrar upplýsingar

Hlutverk tóftarinnar er óþekkt en þó kann að vera að þetta sé stekkur, stærri tóftin er þá réttin og sú smærri lambakróin. Þarna kann líka hafa verið geymt hey en víða var slegið í úthaga Torfastaða.

Torfastaðir 2983-011

Sérheiti: Nónmelur

Hlutverk: Kennimark, eyktarmark?

Tegund: Varða

Staðhættir

Frammi á melkolli um 300m SV af Torfastaðabæ er varða.

Lýsing

Varðan er um 80cm há og lauslega hlaðin. Virðist fremur nýleg.

Aðrar upplýsingar



Mynd 14. Varða uppi á Nónmel.

Gæti verið hlaðin á eldri vörðu. Í örnefnaskrá (bls.1) segir „Nónmelur er ofan við innri túnsporðinn, utan við grófina sem er sunnan túns.“ Vera kann að varðan sé því eyktarmark.

Torfastaðir 2983-025

Hlutverk: Óþekkt, varða?, kuml?

Tegund: Hleðsla, steinalögn

Staðhættir

Frammi á kletti sunnan Stóralækjar um 1,2km utan og NA bæjarstæðis Torfastaða er grjóthleðsla.

Lýsing

Um er að ræða grjóthrúgu um 1x0,6m að ummáli. Hrugan liggur ofan á einfaldri hringlaga steinlögn sem er um 1x2m að stærð. Grjóthleðslan er mest um 60cm á hæð.

Aðrar upplýsingar

Vera kann að þetta sé hrunin varða en hún liggur ofan á hringlaga einfaldri grjótlögn. Slíkar steinlagnir kunna að vera ummerki um kuml eða gamlan heiðinn legstað. Slíkt verður ekki fullyrt en steinlögnin er ekki hluti af vörðu.



Mynd 15. Grjóthleðsla og steinalögn [2983-025] á vesturbakka Stóralækjar.

Torfastaðir 2983-026

Hlutverk: Óþekkt, kuml?

Tegund: Hleðsla, steinalögn

Staðhættir

1km ofan og norðan Torfastaðabæjar, á gróðurlitlum melkalli 80m suður af Stóralæk er hringlaga steinlögn eða grjóthleðsla.

Lýsing

Steinlögnin er um 4m í þvermál úr nokkuð veglegum steinum og virðist manngerð. Í miðjunni eru svo nokkrir steinar sem virðast upphlaðnir en eru þó ekki nógu margir til að geta verið varða. Svæðið innan hleðslunnar er gróið lyngi sem og hluti hleðslunnar.

Aðrar upplýsingar


Steinlagnir sem þessar kunna að vera ummerki um kuml eða gamlan heiðinn legstað en það verður þó ekki fullyrt.



Mynd 16. Horft til norðurs yfir grjóthleðslu [2983-026] skammt vestan Stóralækjar.



Mynd 17. Horft til NV yfir tóft af smalakofa á vesturbakka Stóralækjar.



Torfastaðir 2983-027

Hlutverk: Óþekkt, smalakofi?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Nyrst í Torfastaðaflóa, um 1200m NNV af bæjarstæðinu og um 20m suður af Stóralæk er kofatóft.

Lýsing

Um er að ræða kofatóft sem snýr austur-vestur. Veggur er hæstur 40cm og 50cm á þykkt, Dyr hafa verið við NV horn. Veggir eru mjög jarðsokknir og grónir lyngi og mosa.

Aðrar upplýsingar

Þetta er líklega tóft af smalakofa.

Torfastaðir 2983-028

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Austast í Torfastaðaflóa, um 1400m NV af Torfastaðabæ og 30m suður af Stóralæk er grösug torfa og á henni þrennar stæðilegar heytóftir.

Lýsing

Austasta tóftin er ferköntuð upphækkun, hún snýr austur-vestur og er um 80cm há. Veggir eru nokkuð veglegir, hæstir um 60cm og þykkt mest 50cm. Engar dyr eru á veggheðslunni.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Torfastaða (bls. 2) segir: „Selgrófartættur eru við neðri enda Selgrófar, þar austur af (út og niður af Selgrófinni eru *Sláttuhöll*.“ Óljóst er skv.

örnefnaskrá hvar Selgrófin er nákvæmlega seltóftin [2983-031] eru líklega Selgrófartættur og þá eru svokölluð



Mynd 18. Heytóft [2983-028] vestan Stóralækjar. Teikning er á mynd 18.

Torfastaðir 2983-029

Hlutverk: Heytóft


Tegund: Tóft

Staðhættir

Austast í Torfastaðaflóa, um 1400m NV af Torfastaðabæ og 30m suður af Stóralæk er grösug torfa og á henni þrennar stæðilegar heytóftir. Tvær tóftir eru vestast á torfunni um 35m vestur af heytóft [2983-028].

Lýsing

Nyrðri tóftin liggur NA-SV og er 3m á breidd og 7m á lengd. Hún stendur á dálítilli upphækkun en veggir eru mest um 20cm háir og 60cm á breidd. Engar dyr eru á veggheðslunni.



Mynd 19. Yfirlitstekning af heytóftum vestan Stóralækjar

Torfastaðir 2983-030

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Austast í Torfastaðaflóa, um 1400m NV af Torfastaðabæ og 30m suður af Stóralæk er grösug torfa og á henni þrennar stæðilegar heytóftir. Tvær tóftir eru vestast á torfunni um 35m vestur af heytóft [2983-028]. Syðri tóftin er 4m suður af heytóft [2983-29].

Lýsing

Tóftin liggur NNV-SSA, 8m á lengd og 5m á breidd. Veggirnir standa á upphækkun og eru nokkuð veglegir, 70cm á hæð og 80cm á breidd. Gat er í vegginn í NV horn en óvíst er hvort þar hafa verið dyr þar sem veggurinn er mjög hruninn.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Torfastaða (bls. 2) segir: „Selgrófartættur eru við neðri enda Selgrófar, þar austur af (út og niður af Selgrófinni eru *Sláttuhöll*.“ Nokkuð óljóst er skv. örnefnaskrá hvar Selgrófin er nákvæmlega en sé seltóftin [2983-031] Selgrófartættur gætu heytóftirnar verið í Sláttuhöllum.

Torfastaðir 2983-031

Sérheiti: Selgrófartættur

Hlutverk: Sel

Tegund: Tóft

Staðhættir


Fornar seltættur eru á vesturbakka Stóralækjar, um 1,5km upp (NNA) af Torfastaðabæ. Um er að ræða tvennar tóftir, stærri þrískipt tóft og smærri kofatóft 2m sunnan hennar.

Lýsing

Nyrðri tóftin er þrískiptskipt um 5x8m að utanmáli og snýr NV-SA. NV hólfið er 3x3m að innanmáli og opið yfir í SA hólfið sem er einnig 3x3m að innanmáli. Dyr eru til SA. Við SV hlið tóftarinnar er þriðja hólfið, aflangt og um 3x5m að stærð. Vera kann að þetta séu áfastar kvíar. Veggir tóftarinnar eru mjög jarðsokknir og hlaupnir í þúfur, algrónir lyngi. Veggir eru óglöggir, um 40cm á hæð og um 1m á breidd.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Torfastaða (bls. 2) segir: „Selgrófartættur eru við neðri enda Selgrófar, þar austur af (út og niður af Selgrófinni eru Sláttuhöll.“ Nokkuð óljóst er skv. örnefnaskrá hvar Selgrófin er nákvæmlega, né heldur hvort Selgrófartættur eru tóftir af seli. Þar sem hér er um seltóftir að ræða er líklegt að um sé að ræða selið sem grófin tekur nafn sitt af. Í Sveitum og jörðum (1. bindi, bls. 89) segir: „Í Torfastaðafloa vestan Vesturdalsár eru rústir og örnefnið Selgróf.“



Mynd 20. Horft til norðurs yfir fornar seltættur [2983-031 og 2983-049]

Torfastaðir 2983-049

Sérheiti: Selgrófartættur

Hlutverk: Sel

Tegund: Tóft

Staðhættir

Fornar seltættur eru á vesturbakka Stóralækjar, um 1,5km upp (NNA) af Torfastaðabæ. Um er að ræða tvennar tóftir, stærri þrískipt tóft og smærri kofatóft 2m sunnan hennar.

Lýsing

Veggir kofans sjást vel á þrjá vegu en NA hlið er ógreinileg. Veggur tóftar er hæstur 30cm en 50cm á breidd. Tóftin snýr NV-SA og er ca. 2x3m að innanmáli.

Aðrar upplýsingar

Þar sem tóftirnar eru mjög jarðsokknar er erfitt að greina hvort þessi tóft er í raun hólf í stærri tóftinni eða sjálfstæð tóft.

Torfastaðir 2983-032

Hlutverk: Heytóft, sel?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 12m austur af Stóralæk, 1,5km NV af bæjarstæði Torfastaða og um 70m NV við Selgrófartættur [2983-31] er heytóft.

Lýsing

Tóftin snýr norður-suður, 4m á breidd og 7m á lengd. Hún stendur nokkuð upphækkuð líkt og venjan er með heytóftir en hún er þó heldur fornlegri en aðrar heytóftir á svæðinu og gæti mögulega verið tvískipt.

Veggir eru þó óverulegir rétt um 30cm á hæð og 30cm á þykkt. Engar dyr eru greinanlegar á tóftinni.



Mynd 21. Horft til norðurs yfir heytóft [2983-032] austan Stóralækjar.



Mynd 22. Horft til SV yfir kofatóft [2983-033], líklega af smalakofa.

upphækkuð eins og heytóftir gjarnan eru.

Torfastaðir 2983-033

Hlutverk: Smalakofi?, heytóft?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 230m beint norður af Selgrófartættum og um 150m austur af Stóralæk er kofatóft.

Lýsing

Tóftin er 4x5m að utanmáli, veggir um 60cm á hæð og 70cm á þykkt. Vera kann að dyr hafi verið á tóftinni til suðurs.

Aðrar upplýsingar

Staðsetning og gerð tóftar bendir frekar til að um smalakofa gæti verið að ræða en tóftin er ekki

Torfastaðir 2983-034

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 2,5m ofan við bæjarstæði Torfastaða, við lækjargræfur undir suðurhlið Torfastaðanúpi eru tvennar heytóftir sitt hvoru megin við lækjargrafning.

Lýsing

Vestari tóftin snýr NNV-SSA og er 3,5m á breidd og 5m á lengd að utanmáli. Veggir eru 20-60m að hæð og 70cm á þykkt. Tóftin er nokkuð upphækkuð og engar dyr eru greinanlegar.



Mynd 23. Horft til suðurs yfir heytóft [2983-034] vestan lækjargrafnings sunnan undir Torfastaðanúpi.

Torfastaðir 2983-035

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 2,5m ofan við bæjarstæði Torfastaða, við lækjargræfur undir suður hlið Torfastaðanúps eru tvennar heytóftir sitt hvoru megin við lækjargrafning. Austari tóftin liggur 27m austan heytóftar [2983-034].

Lýsing

Tóftin liggur norður-suður og er nokkuð upphækkuð. Hún er 4x6m að utanmáli. Veggir eru 20-50cm á hæð og um 50cm á þykkt. Engar dyr eru greinanlegar.



Mynd 24. Horft til suðurs yfir heytóft [2983-035] austan lækjargrafnings sunnan undir Torfastaðanúpi.

Torfastaðir 2983-036

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Heytóft er í Torfastaðaflóa um 1,4 NV af bæjarstæði Torfastaða.

Lýsing

Tóftin snýr norður-suður og er 4x6m að utanmáli. Veggir eru 40-70m að hæð og 80cm á þykkt. Engar dyr eru á tóftinni. Tóftin stendur á nokkurri upphækkun og er fremur djúp.

Aðrar upplýsingar



Mynd 25. Horft til SV yfir heytóft í Torfastaðaflóa.

Í örnefnaskrá Torfastaða (bls. 2) segir „Ofan við Sjónarhraun taka við Torfastaðaflóar. Ofan til í þeim Miðhöll, áður slegin, en snöggglend.“

Torfastaðir 2983-037

Hlutverk: Kolagröf

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Um 1,2m NV af Torfastaðabæ, í Torfastaðaflóa er þurrhent lyngi vaxið móastykki. Í móanum eru a.m.k. sex kolagrafir á um 10x16m stóru svæði.

Lýsing

Kolagröfin er um 80x80cm að ummáli. Lyng vex í gröfinni og dýpt hennar er því ekki þekkt.



Mynd 26. Kolagröf [2983-038].

Torfastaðir 2983-038

Hlutverk: Kolagröf

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Um 1,2m NV af Torfastaðabæ, í Torfastaðaflóa er þurrhent lyngi vaxið móastykki. Í móanum eru a.m.k. sex kolagrafir á um 10x16m stóru svæði.

Lýsing

Kolagröfin er um 50x60cm að ummáli. Lyng vex í gröfinni og dýpt hennar er því ekki þekkt.

Torfastaðir 2983-039

Hlutverk: Kolagröf

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Um 1,2m NV af Torfastaðabæ, í Torfastaðaflóa er þurrhent lyngi vaxið móastykki. Í móanum eru a.m.k. sex kolagrafir á um 10x16m stóru svæði.

Lýsing

Kolagröfin er um 1m í þvermál og um 40cm á dýpt. Hún er vaxin lyngi.



Mynd 27. Kolagröf [2983-0340]

Torfastaðir 2983-040

Hlutverk: Kolagröf

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Um 1,2m NV af Torfastaðabæ, í Torfastaðaflóa er þurrhent lyngi vaxið móastykki. Í móanum eru a.m.k. sex kolagrafir á um 10x16m stóru svæði.

Lýsing

Kolagröfin er um 60x80cm að ummáli. Lyng vex í gröfinni og dýpt hennar er því ekki þekkt.

Torfastaðir 2983-041

Hlutverk: Kolagröf

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Um 1,2m NV af Torfastaðabæ, í Torfastaðaflóa er þurrhent lyngi vaxið móastykki. Í móanum eru a.m.k. sex kolagrafir á um 10x16m stóru svæði.

Lýsing

Kolagröfin er um 60x60cm að ummáli og um 50cm á dýpt.

Torfastaðir 2983-042

Hlutverk: Kolagröf

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Um 1,2m NV af Torfastaðabæ, í Torfastaðaflóa er þurrhent lyngi vaxið móastykki. Í móanum eru a.m.k. sex kolagrafir á um 10x16m stóru svæði.

Lýsing

Kolagröfin er um 40x70cm að ummáli og 40cm á dýpt.

Torfastaðir 2983-043

Hlutverk: Óþekkt, kennimark, refagildra?

Tegund: Óþekkt, varða

Staðhættir

890m vestur af Torfastaðabæ, á mel neðst í Torfastaðaflóa eru leifar af vörðu.

Lýsing

Um er að ræða hrunda vörðu eða mögulega refagildru. Grjóthrúgan er um 1,3 að lengd í grunninn og 80cm á breidd. Hæð hleðslunnar er um 60cm.



Mynd 28. Horft til SV yfir hrunda hleðslu [2983-043] neðan Torfastaðaflóa.



Mynd 29. Kolagröf [2983-044]. Horft í austur.

Aðrar upplýsingar

Hleðslan virðist aflöng í grunninn sem kann að benda til að um refagildru sé að ræða. Hleðslan er þó öll mjög hrutin og ólöguleg og því kann þetta líka að vera leifar óvandaðrar vörðu.

Torfastaðir 2983-044

Hlutverk: Kolagröf

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Kolagröf er í móa neðan við malarkamb neðst í Torfastaðaflóa, um 850m vestan og ofan Torfastaðabæjar.

Lýsing

Gröfin er um 1,3m í þvermál og nánast hringlaga. Hún er 30cm djúp.

Torfastaðir 2983-045

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Staðhættir


Vörðuhrúgald er á melnum sem er neðan Torfastaðaflóa, um 900m NV af Torfastaðabæ.

Lýsing

Hleðslan er óvönduð. Hún er hlaðin úr nokkrum stórum steinum er um metri í þvermál og 50cm á hæð.



Mynd 30. Hrunin grjóthleðsla [2983-045].



Mynd 31. Horft til suðurs yfir tóft [2983-046] í brekku ofan túns á Torfastöðum, mögulega kviarnar sem Kviaklauf dregur nafn sitt af.

Torfastaðir 2983-046

Hlutverk: Óþekkt, kviar?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í brekku um 480m upp og NNV af Torfastaðabæ er tóft.

Lýsing

Tóftin liggur NV-SA og er 10m löng og 5m breið að utanmáli. Veggir eru 30-50cm háir og um 80cm breiðir. Þeir eru mjög grónir og hrundir að hluta. Dyr hafa verið á mannvirkinu til SA.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Torfastaða (bls. 2) segir: „Upp af bænum eru Bæjarmelur og Fjárhúsamelur [...] utan og ofan við þessa mela er hjalli í miðjum brekkum, er gengur út að Stóralæk. Neðan í honum voru slægjur, er heita Kaupmannsbotnar. Niður af þeim *Kvíaklauf*.“ Heimildamaður kannaðist ekki við hvar Kvíaklauf er. Miðað við örnefnaskrá er þó ekki ólíklegt að hún sé ein tveggja klaufa utan við melinn ofan bæjarins. Tóftin liggur um 300m ofan þeirra og engar aðrar tóftir eru sýnilegar í brekkunni. Þetta eru því líklega kvíarnar sem klaufin dregur nafn sitt af.

Torfastaðir 2983-047

Hlutverk: Óþekkt, heytóft, mótóft?

Tegund: Þúst

Staðhættir

Tvær upphækkaðar þústir, líklega af hey- eða mótóftum eru við bug á Vesturdalsá til móts við svokallað Grafarnes, um 1,1km SV af Torfastaðabæ.

Lýsing

Syðri tóftin er upphækkuð ferköntuð þúst um 4x5m að stærð en hún er mjög grösug og hlaupin í þúfur og engir veggir eru greinanlegir. Þetta er líklega heytóft en kann líka að hafa verið tóft til að þurrka mó.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Torfastaða (bls. 1) er talað um svæði austan ár sem kallað var Grafarnes en á örnefnasjá Landmælinga kallað Innra-Grafarnes.¹³ Ekki er víst hvort þarna hefur verið mótaka en tóftin gæti einnig hafa verið nýtt til móþurrkunar. Engin ummerki sjást nú um mógrafir við ána.



Mynd 32. Heytóft [2983-047]. Horft í austur.

Torfastaðir 2983-048

Hlutverk: Óþekkt, heytóft, mótóft?

Tegund: Þúst

Staðhættir

Tvær upphækkaðar þústir, líklega af hey- eða mótóftum eru við bug á Vesturdalsá til móts við svokallað Grafarnes, um 1,1km SV af Torfastaðabæ. Nyrðri tóftin liggur 30m norðan heytóftar [2983-047] á mótum tveggja lækja.

Lýsing

Nyrðri tóftin er ferköntuð flöt upphækkun 4x7m að utanmáli. Hún er mjög þýfð og vaxin grasi og erfitt



Mynd 33. Heytóft [2983-048]. Horft í vestur.

¹³ <https://ornefnasja.lmi.is/mapview/?application=ornefnasja>

að greina veggjalög en veggir hafa farið um 20-30cm á hæð og 60cm á breidd. Engar dyr eru á vegghleðslu.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Torfastaða (bls. 1) er talað um svæði austan ár sem kallað var Grafarnes en á örnefnasjá Landmælinga má sjá örnefnin Innra- og Ytra-Grafarnes.¹⁴ Ekki er víst hvort þarna hefur verið mótaka en tóftin gæti einnig hafa verið nýtt til mópurrkunar. Engin ummerki sjást nú um mógrafir við ána.

¹⁴ <https://ornefnasja.lmi.is/mapview/?application=ornefnasja>

Minjar austan Vesturdalsár

Torfastaðir 2983-001

Sérheiti: Gildruhraun

Hlutverk: Refagildra

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Hlaðin refagildra er á kletti, svokölluðu Gildruhrauni, um 200m innan girðingar og 800m upp frá þjóðvegi, í þeim hluta Torfastaðalands sem liggur austan þjóðvegur og Vesturdalsár.

Lýsing

Gildran liggur NNA-SSV og er 1,2m að lengd og um 50cm á breidd. Nokkuð farin að hrynja.

Aðrar upplýsingar

Gildran virðist nokkurn veginn á landamerkjum Torfastaða og Ásbrandsstaða og óvíst hvoru megin hryggjar hún fellur.



Mynd 34. Hlaðin refagildra [2983-001] á Gildruhrauni, Horft í NV.

Torfastaðir 2983-002

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft



Mynd 35. Heytóft [2983-002] skammt norðan merkja við Ásbrandsstaði. Horft í vestur.

Staðhættir

Efst á skráningarsvæðinu, austan þjóðvegur og Vesturdalsár, um 10m innan (norðan) við landamerki við Ásbrandsstaði er heytóft. Tóftin liggur upp við brekku ofan við grösugan flóa.

Lýsing

Tóftin snýr nálega norður-suður, um 5m á lengd og 3m á breidd. Hún stendur á dálítilli upphækkun og er niðurgröftur kring um hana þar sem efni hefur verið tekið til hleðslunnar. Veggir eru



Mynd 36. Vörðuhrúga [2983-003] horft í NA.

óverulegir, um 40cm þar sem þeir eru hæstir og um 40cm á breidd.

Torfastaðir 2983-003

Hlutverk: Varða

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Á klettakolli á miðju svæði ofan þjóðvegur austan Vesturdalsár um 90m neðan (norðan) við merki við Ásbrandsstaði er lítil varða.

Lýsing

Varðan er heldur óvönduð smíð, rétt um 40cm há, gæti verið nýleg.

Torfastaðir 2983-004



Mynd 37. Lítil tóft [2986-006], mögulega heytóft í mýri. Horft í NV.

Hlutverk: Óþekkt, heytóft?

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Í mýri um 500 ofan þjóðvegur og 160m SV af girðingu sem markar skógræktarsvæði að norðan er lítil tóft.

Lýsing

Tóftin er um 2x4m að utanmáli. Veggir sýnilegir á að sunnan, austan og norðan en vestur veggur óglöggur. Veggir um 30cm á hæð og um 50cm á breidd.

Aðrar upplýsingar

Tóftin er við læk í mýri og gæti verið náttúrusmíð.



Mynd 38. Minjar í túni Árna Stefánssonar, líklega sama svæði og kallað er Stekkjarþýfi í örnefnaskrá.

Torfastaðir 2983-006

Hlutverk: Fjárhús, hlaða, stekkur?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Við bug á Vesturdalsá, um 170m suður af brúnni á Skógavegi i er túnskiki sem á er bárujárnsskúr (mynd 37). Norðan við skúrinn eru garðlag og nokkrar tóftir.

Lýsing

Ein tóftanna, fjárhús og hlaða liggja fast austan við garðlag [2983-022]. Tóftin snýr norður-suður, dyr hafa vitað í suður. Hún er 13m löng og 5m breið að utanmáli. Fjárhúsið sunnan til er 3x5m að innanmáli og innangengt hefur verið í hlöðuna norðan hennar en hún er um 3x3m að innanmáli. Veggir voru huldir sinu og nokkuð hrundir. Þeir voru hæstir um 60cm og um 1m á þykkt.

Aðrar upplýsingar

Heimildamaður segir þetta hafa verið fjárhús sem Árni Stefánsson í Vopnafjarðarþorpi átti og notaði meðan hann var með búskap þarna um um miðbik 20. aldar. Auk þess að heyja þarna var hann með bæði fé og hesta. Ekki er lokað fyrir það skotið að þetta sé, a.m.k. að grunni til stekkurinn sem Stekkjarþýfi dregur nafn sitt af.



Mynd 39. Horft til NA yfir minjar í Stekkjarþýfi.

Torfastaðir 2983-007

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Við bug á Vesturdalsá, um 170m suður af brúnni á Skógavegi er túnskiki sem á er bárujárnsskúr. Norðan við skúrinn eru garðlag og nokkrar tóftir. Um 12m austan við fjárhústóft [2983-006] er tvískipt tóft.

Lýsing

Vestari tóftin er 3x7m að innanmáli og liggur NNA-SSV, dyr hafa vitað í SSV. Veggir eru óverulegir, um 50cm á hæð og 70cm að þykkt. Fast austan við eru svo rétt eða aðhald einhverskonar. Það er 5x6m að stærð og virðist op hafa verið til SA. Veggir samskonar og í vestari tóftinni.

Aðrar upplýsingar

Heimildamaður telur þetta vera veggj undan mannvirkjum sem Árni Stefánsson notaði við sinn búskap um miðbik 20. aldar. Auk þess að heyja þarna var hann með bæði fé og hesta.

Torfastaðir 2983-008

Sérheiti: Stekkjarþýfi?

Hlutverk: Óþekkt, stekkur?

Tegund: Tóftabyrping

Staðhættir

Við bug á Vesturdalsá, um 170m suður af brú á afleggjara frá Þjóðvegi, er túnskiki sem á er bárujárnsskúr. Norðan við skúrinn eru garðlag og nokkrar tóftir.

Lýsing

Um 30m NA af skúrnum er hólbunga sem liggur NNA-SSV. Hún er um 20m löng og 10m á breidd. Nokkrar dældir eru í hólnum og það virðist hafa verið grafið í hann miðjan. Ofan á hólnum liggur svo tvískipt tóft [2983-023].

Aðrar upplýsingar

Heimildamaður, Valur Guðmundsson (dags), segir þarna hafa verið tún Árna Stefánssonar. Árni bjó í kaптúninu en var þarna með tún sem hann heyjaði auk þess að vera með kindur og hesta. Hann telur að tóftirnar sem greinilegastar eru á yfirborði tilheyri búskap Árna er telur ekki loku fyrir það skotið að einhverjar minjar hafi verið þarna á undan. Í örnefnaskrá Torfastaða (bls. 3) segir: „Þar austan við er Búðavað, en Krókhylur utan við. Þá á Stekkjarþýfi (þar nú tún Árna Stefánssonar).“ Örnefnið Stekkjarþýfi bendir til að þarna hafi einhvern tíma verið stekkjiað en engar glöggar stekklarleifar fundust. Vera kann að byggt hafi verið á leifum gamals stekklar eða jafnvel gamals býlis. Í eyðibýlaskrá Halldórs Stefánssonar (bls. 174) segir: „Torfastaðahjáleiga. Talin eyðibýli 1762 og í eyðibýlaskrá Hofsprests 1794.“ Hvar Torfastaðahjáleiga var er ekki þekkt en vera kann að hún eigi við þessar minjar eða fornbýli sunnan túns [2983-016].

Torfastaðir 2983-022

Hlutverk: Óþekkt, túngarður?

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Við bug á Vesturdalsá, um 170m suður af brú á afleggjara frá Þjóðvegi, er túnskiki sem á er bárujárnsskúr. Norðan við skúrinn eru garðlag og nokkrar tóftir.

Lýsing

Hlaðinn garður liggur í boga til norðurs frá bárujárnsskúrnum á 60m löngum kafla að Vesturdalsá. Garðurinn liggur norðan við tóftirnar [2983-006, 007, 008, 022 og 023] í túninu. Garðurinn er um metri á breidd og allt að 80cm á hæð, grasi gróinn.

Aðrar upplýsingar

Heimildamaður, Valur Guðmundsson (dags), segir þarna hafa verið tún Árna Stefánssonar og man hann eftir garðlaginu og byggingum þarna. Árni bjó í kaптúninu en var þarna með tún sem hann heyjaði auk þess að vera með kindur og hesta. Heimildamaður telur að tóftirnar sem greinilegastar eru á yfirborði tilheyri búskap Árna er telur ekki loku fyrir það skotið að einhverjar minjar hafi verið þarna áður. Í örnefnaskrá Torfastaða (bls. 3) segir: „Þar austan við er Búðavað, en Krókhylur utan við. Þá á Stekkjarþýfi (þar nú tún Árna Stefánssonar).“ Óvíst er hvort garðurinn er frá þeim tíma sem Árni

stundaði þarna búskap eða hvort hann gæti verið eldri, e.t.v. leiðigarður tengdur stekkjartímanum eða túngarður.

Torfastaðir 2983-023

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Við bug á Vesturdalsá, um 170m suður af brú á afleggjara frá þjóðvegi, er túnskiki sem á er bárujárnsskúr. Norðan við skúrin eru garðlag og nokkrar tóftir. Fast við götu [2983-024] eru tvær samliggjandi tóftir eða tvískipt tóft.

Lýsing

Tóftin gæti verið af stekk þeim sem svæðið dregur nafn sitt af en veggir eru þó heldur óverulegir og gætu verið undirstöður undan timburvegg. Tóftin/tóftirnar snúa NNV-SSA, NV hólfið er 3x5m að innanmáli en SV hólfið um 3x3m. Veggir eru hæstir um 40cm og 50 á þykkt. Tóftin liggur ofan á upphækkun eða hólí sem gætu verið eldri minjar [2064-008].

Torfastaðir 2983-024

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Staðhættir

Við bug á Vesturdalsá, um 170m suður af brú á afleggjara frá þjóðvegi, er túnskiki sem á er bárujárnsskúr. Norðan við skúrin eru garðlag og nokkrar tóftir.

Lýsing

Gata liggur frá bug í ánni vestan túns Árna Stefánssonar og svo fast SA minjasvæðisins að vaði á ánni um 150m NA hesthússins sem þarna stendur.

Torfastaðir 2983-009

Hlutverk: Heytóft (mótóft?)

Tegund: Tóft

Staðhættir

Heytóft er í mýri, í krika milli stórra skurða við tún sunnan Vestdalsár.

Lýsing

Á loftmynd má sjá útlínur veglegrar heytóftar sem hefur verið um 8x8m að stærð. Hún stendur á dálítilli upphækkun í mýrinni.

Aðrar upplýsingar

Heimildamaður, Valur


Sigurðsson, benti á tóftina (dags).

Við vettvangsskráningu var mynd

tekin af tóftinni en ekki farið að henni. Hnit voru tekin af loftmynd.



Mynd 40. Horft til SV yfir heytóft [2983-009] í móa austan Vesturdalsár.



Torfastaðir 2983-010

Hlutverk: Beitarhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tóftir af beitarhúsum eru 750m SA af bæjarstæði Torfastaða, um 20m suður af bug á ánni og um 200m neðan þjóðvegur.

Lýsing

Þarna er stæðileg beitarhúsatóft. Hún liggur NNV-SSA og er um 20x13m að utanmáli. Sunnan til er fjárhús með hlöðutóft aftan við. Fjárhúsin eru 4x13m að innanmáli og hlaðan aftan

við 2x5m. Veggir nokkuð hrundir og mikil sina og því erfitt að greina nákvæma veggjalögun og þykkt. Veggir eru hæstir um 1,7m og um 1-1,5m á þykkt. Norðan fjárhúsanna er önnur tóft, um 2x6m að innanmáli, mögulega hrútakofi.

Torfastaðir 2983-014

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 320m NA af trjálundi austan og neðan skólahússins á Torfastöðum er heytóft í móa ofan mýrar.

Lýsing

Tóftin liggur NNA-SSV og er um 3x6m að utanmáli. Veggir eru óverulegir, mest 20cm háir og 40cm á breidd. Niðurgröftur er í kringum tóftina þar sem efni hefur verið tekið í hana.



Mynd 41. Horft til SA yfir heytóft [2983-014].

Torfastaðir 2983-021

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Staðhættir og lýsing

Glögg gata liggur á um 500m löngum kafla upp sunnan landamerkjia Torfastaða og Ljótsstaða, ofan þjóðvegur vestan Vesturdalsár. Þar beygir gatan inn á skráningarsvæðið og norður fyrir vatn sem liggur á landamerkjum jarðanna. Gatan sést á um 50m löngum kafla í landi Torfastaða en beygir svo til suðurs í átt að Ásbrandsstöðum.

Torfastaðir 2983-060

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Staðhættir og lýsing

Gata liggur upp með vestanverðum Stóralæk fram hjá heytóftum [2983-028-030] og seli [2983-031]. Við ræturTorfalækjarmúla beygir gatan til vesturs og liggur þar út að og út fyrir landamerki jarðarinnar. Þar kvíslast hún í fleiri götur og eru sumar nokkuð djúpar.

Torfastaðir 2983-061

Hlutverk: Kennimark, Landamerki


Tegund: Varða

Staðhættir og lýsing

Lítil varða er á há hálsinum austan Vesturdalsár, á merkjum við Norður-Skálanes. Á steini á vörðufætinum er klappaður stafurinn L. Varðan er um 70cm á hæð og um 60cm á breidd, heldur óvönduð hleðsla.

Aðrar upplýsingar

Upplýsingar og uppmælingar eru fengnar hjá Sveini Margeirssyni hjá Brimi, sem skráði vörðuna 18.04.2023.



Mynd 42. Landamerkjavarða [2983-061] Ljós. Sveinn Margeirsson.

Torfastaðir 2983-062

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Aðrar upplýsingar

Efst á Torfastaðanúpi má sjá stæðilega vörðu. Varðan sést vel á loftmynd og var hnit tekið af loftmyndinni. Vegna snjóalaga á skráningartíma var ekki gengið upp á Núpinn til að skrá vörðuna. Vera kann að hér sé um að ræða vörðuna sem getið er í örnefnaskrá (bls. 2) þar sem segir: „Á landamerkjum Torfastaða og Lýtingsstaða er fjall, sem nefnt er í dagl. tali Núpurinn. Heitir hann Torfastaðanúpur Torfastaða-megin (en Lýtingsstaðanúpur hinu megin). Í því eru þessi örnefni: Veghóll austur frá Núpshorni, Grenishæð út á Núpum. Er varða á hæðinni.“

Torfastaðir 2983-063

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Aðrar upplýsingar

Gata liggur í gegnum svæði með fornum tóftum syðst í Torfastaðalandi, skammt frá merkjum við Ljótstaði. Gatan sést á um 100m löngum kafla, byrjar við akveginn norðan tóftanna og hverfur í þúfur í móanum neðan við tóftirnar.

Minjar skráðar upp úr heimildum með staðsetningu

Torfastaðir 2983-054

Sérheiti: Kúavað

Hlutverk: Vað

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Í örnefnaskrá (bls. 3) segir; „Bakinn þar austan við heitir Kúabakki. Kúavað austan við Kúabakkann.” Heimildamaður kannaðist ekki við örnefnið. Hnit eru tekin eftir lýsingu örnefnaskrár og getur skeikað nokkru.

Torfastaðir 2983-055

Sérheiti: Búðavað

Hlutverk: Vað

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Í örnefnaskrá (bls. 3) segir; „Krókhylstangi er við vinkilbeygju árinna. Þar austan við er Búðavað, en Krókhylur utan við.” Heimildamaður kannaðist ekki við örnefnið. Hnit eru tekin eftir lýsingu örnefnaskrár og getur skeikað nokkru.

Torfastaðir 2983-056

Sérheiti: Sauðavað

Hlutverk: Vað

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Í örnefnaskrá (bls. 3) segir; „Þá er Sauðavaðsbakki, þar niður undan Sauðavað” (ÖJE, 3). Heimildamaður kannaðist ekki við þetta örnefni. Hnit eru tekin eftir lýsingu örnefnaskrár og getur skeikað nokkru.

Torfastaðir 2983-057

Sérheiti: Ullartangi

Hlutverk: Ullarþvottur, þurrkun

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Í örnefnaskrá Torfastaða (bls. 3) segir: Ullartangi heitir sveigur út í ána, niður af túninu“. Þarna var ekki hægt að greina neinar minjar við vettvangsskoðun.

Torfastaðir 2983-058

Hlutverk: Heimild

Tegund: Fjárhús

Staðhættir og lýsing

Samkvæmt heimildamanni, Vali Guðmundssyni (dags), voru gömul fjárhús þar sem nú er uppistandandi reykkofti. og hvar er reykkoftinn?

Torfastaðir 2983-059

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Aðrar upplýsingar

Á túnakorti Torfastaða (sjá mynd 4) má sjá matjurtagarð framan (neðan) gamla torfbæjarins. Samkvæmt túnakorti var hann 350m².

Óstaðsettar minjar

Torfastaðir 2983-64

Sérheiti: Mógarðar

Hlutverk: Mótekja

Tegund: Heimild

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá (bls. 1) segir; „Vestur af Grænapýfi er Breiðitangi við ána. Austan við hann eru Mógarðar.” Heimildamaður kannast ekki við þetta örnefni eða mótekju og engin ummerki sjást um mógrafir á svæðinu.

Torfastaðir 2983-66

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Aðrar upplýsingar

Heimildamaður Valur Guðmundsson, segir að fjárhúsin hafi verið á því svæði sem þau eru enn, um 130m beint vestur af núverandi bæjarhúsum. Fjárhúsa fyrir 390 fjár er getið í undirmati fasteigna frá 1916-18 (bls. 149) en staðsetning þeirra er ekki útlistuð frekar.

Torfastaðir 2983-67

Hlutverk: Skemma, smiðja

Tegund: Heimild

Aðrar upplýsingar

Geymsluskemmu og smiðju er getið í undirmati fasteigna frá 1916-18 (bls. 149) en staðsetning þeirra er ekki útlistuð frekar og óvíst hvar húsið stóð en skemmur og smiðjur voru gjarnan áfastar eða í nágrenni bæjar. Virðist skv. lýsingu hafa verið sama húsið.

Torfastaðir 2983-68

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Heimild

Aðrar upplýsingar

Hesthúss fyrir 7 hesta er getið í undirmati fasteigna frá 1916-18 (bls. 149) en staðsetning þess er ekki útlistuð frekar og óvíst hvar húsið stóð.

Torfastaðir 2983-69

Hlutverk: Hlöður

Tegund: Heimild

Aðrar upplýsingar

Í undirmati fasteigna frá 1916-18 (bls. 149) eru á Torfastöðum heyllöður fyrir 460 hesta en staðsetning þeirra er ekki nefnd. Hafa líklega verið áfastar gripahúsum.

Samantekt

Alls voru 69 minjar skráðar á vettvangi og upp úr heimildum á Torfastöðum. Tvær vettvangsferðir voru farnar, dagana 27.04 og 07.05 2023. 57 og minjar skráðar og mældar upp á vettvangi. Til viðbótar voru skráðar upp úr heimildum 6 minjar þar sem staðsetning var þekkt og eru þær hnitsettar en hnitunum ber þó að taka með fyrirvara um skekkju. Alls voru 6 minjar horfnar og staðsetning ekki þekkt.

Tafla 1. Fjöldi minja sem skráður var

Minjar skráðar á vettvangi	Minjar úr heimildum m. hnitum	Óstaðsettar minjar	Samtals
57	6	6	69
83%	9%	9%	101%

Minjar á Torfastöðum

Minjarnar sem skráðar voru á Torfastöðum eru hefðbundnar landbúnaðarminjar allt frá upphafi búsetu og fram um miðja 20. öld. Þrátt fyrir að mikið landsvæði hafi verið ræktað og unnið í tún má segja að á Torfastöðum sé enn að finna nokkuð heildstætt búsetulandslag. Á bæjarstæðinu eru þó flestöll ummerki um eldri byggð horfin. Bæjarhóllinn [2983-050] er þó enn á sínum stað efst í túni og túngarðsbrot [2983-015] afmarkar enn efsta hluta heimatúnsins. Þar sem bærinn var færður neðar í landið um miðja 20. öld má reikna með að töluverðar menjar um eldri byggð sé að finna óskerta í gamla bæjarhólnum. Heimildir eru um bænhus á Torfastöðum og má reikna með að þar hafi verið kirkja og kirkjugarður í öndverðri kristni. Ekki er vitað hvar kirkjan stóð en vísast hefur það verið skammt frá bæjarhúsum og hafi þau staðið þar sem bærinn var fram á miðja 20. öld, má reikna með að leifar kirkju og garðs sé að finna í námunda hans. Aðrar minjar í nágrenni bæjar eru hlaða og/eða fjárhús [2983-012] skammt ofan túngarðs og matjurtagarður [2983-013] vestan undir mel.

Ofan bæjarins er röð af melum sem skornir eru af nokkrum klaufum. Ofan þeirra er aflíðandi brekka upp að annarri melaröð, en ofan hennar er svokallaður Torfastaðafló, nokkuð umfangsmikið mýrarsvæði. Á vestasta melnum í fyrri melröðinni ofan bæjar er varða [2983-011]. Melarnir teygja sig svo til austurs, ofan bæjar út að Stóralæk sem rennur utarlega í bæjarlandinu. Á klettum vestan Stóralækjar eru tvennar steinalagnir [2983-025 og 026] sem skráðar voru sem möguleg kuml eða heiðnir legstaðir. Það verður ekki fullyrt án frekari rannsókna en ekki virðist um hefðbundnar vörður að ræða. Skammt ofan við efri steinlögnina er gömul kofatóft [2983-026], líklega af smalakofa. Upp með læknum má svo finna þrjár heytóftir vestan við svokölluð Sláttuhöll [2983-028-030] og tvær heytóftir [2983-034 og 035] eru efst uppi undir Torfastaðanúpi. Milli þessara heytófta eru svo leifar af seli [2983-031 og 049], mjög jarðsokknar og fornlegar tóftir á vesturbakka Stóralækjar. Skammt frá þeim er heytóft [2983-32] en utar í landinu tóft af kofa [2983-33], líklega smalakofa. Götur [2983-060] liggja upp með Stóralæk og beygja uppi undir Torfastaðanúpi til vesturs að landamerkjum við Ljósstaði. Neðan við göturnar, í brekku ofan Torfastaðaflóa, skammt austan landamerkja við Ljósstaði eru tvennar heytóftir [2983-052 og 053] en þær voru undir snjó þegar skráning fór fram og var hnit tekið af loftmynd. Í Torfastaðaflóa er stæðileg heytóft [2983-036] og nokkrar kolagrafir [2983-037-042, 045] eru í móa neðst í flóanum. Hrunin varða [2983-042] er einnig á melnum neðan flóans. Í brekkunni milli melaraðanna tveggja, ofan túns er tóft [2983-046], líklega af kvíum.

Á stalli ofan móa nokkru innan (suðvestan) heimatúns, neðan vegar og skammt frá merkjum við Ljósstaði, eru leifar af fornu bæjarstæði [2983-016, 017, 018, 020, 051]. Um er að ræða fimm tóftir, ein þeirra gæti verið skálatóft [2983-016] en hlutverk annarra tófta er óljósara. Gata [2983-063] liggur í gegnum bæjarstæðið. Tóftirnar eru orðnar nokkuð jarðsokknar og engar heimildir til um þær. Torfastaðir eru landnámsjörð en hvort þetta er upprunalegt bæjarstæði Torfastaða frá landnámstíma, samtíma býli eða yngra afbýli verður ekki fullyrt án frekari rannsókna. Þetta eru elstu minjarnar sem skráðar voru og um mjög merkilegar minjar að ræða sem hafa hátt rannsóknargildi.

Neðan fornbýlisins er svo stekkjartóft [2983-019] í móa. Neðan stekkjarsins, við gamlan bug Vesturdalsár eru svo tvær hey- eða mótóftir [2983-047 og 048]. Heytóft [2983-014] er einnig að finna í móa skammt norðan við skógræktarreit norðan heimatúns. Möguleg stekkjartóft [2983-005] er svo í móa nokkru utan túns en hún kann einnig að hafa verið nýtt sem heytóft. Stekkjarþýfi heitir túnskiki við ána austast í landi Torfastaða. Þarna var tún sem nýtt var um miðbik 20. aldar og nokkrar tóftir [2983-006, 007 og 023] tengdar þeim búskap en þar er líka gamallt garðbrot [2983-022] og ummerki um mögulegar eldri minjar [2983-008]. Gata [2983-024] liggur í gegn um tóftasvæðið að vaði nyrst á árbugnum. Í túnum á austurbakka Vesturdalsár er heytóft [2983-009] og tóftir beitarhúsa [2983-010]. Í brekkum ofan þjóðvegar austast í landi Torfastaða eru svo leifar refagildru [2983-001], vörðu [2983-002] og tveggja heytófta [2983-003 og 004]. Á landamerkjum við Ljósstaði liggur gata [2983-021] upp brekku í átt að Ásbrandsstöðum. Lítil landamerkjavarða [2983-061] markar svo SA horn landareignarinnar á mörkum við jörðina Norður-Skálanes.

Hættumat

Við skráningu er lagt mat á hvort minjar geti verið í hættu vegna framkvæmda eða af náttúrulegum orsökum. Þetta mat byggir á stöðlum Minjastofnunar Íslands en þar eru þrír hættu flokkar, engin hættu, hættu og mikil hættu.¹⁵ Mat á hættu minja má finna í töflu 3 í viðauka við skýrslu.

Við skipulag skógræktar er mikilvægt að minjum sé gefið nægilegt rými og þar sem um minjaheildir er að ræða að ber að gæta að planta ekki trjáum þannig að þær missi samhengi sitt. Almennt er reiknað með 15m friðhelguðu svæði umhverfis fornleifar og miðast það við ystu sýnileg mörk. Rætur trjáa eru skeinuhættar fornleifum á yfirborði, en ekki síður þeim hluta minjalandslags sem liggur neðanjarðar. Rætur trjáa og annars gróðurs brýtur upp og aflagar jarðlög sem rýrir fornleifafræðilegt samhengi, og þar með upplýsingagildi, jarðlægra fornleifa.

Við skráninguna lágu ekki fyrir nákvæmar upplýsingar um ætluð rætkunarsvæði og er gengið út frá því í skráningunni að öll jörðin sé mögulegt skógræktarsvæði. Því eru allar minjar metnar í hættu nema þær sem nokkuð öruggt er að komi ekki til með að verða fyrir hnjaski. Þetta hættumat vera að endurskoða þegar frekari upplýsingar um skipulag ræktunar og mögulega veglagningu eða aðra mannvirkjagerð liggja fyrir.

Alls voru 55 minjar (80%) metnar í hættu vegna væntanlegrar skógræktar en 5 minjar (7%) í engri hættu. Minjar sem ekki fundust eða eru horfnar voru 9 (13%) en þar er hættu ekki metin. Það þýðir þó ekki að minjarnar kunni ekki að vera í hættu vegna framkvæmdanna heldur er staðsetning þeirra ekki

¹⁵ https://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/skraningarstadlar_2013_fornleifar.pdf

þekkt. Sumar horfðu minjanna þ.m.t. bænhús [2983-065], fjárhús [2983-066], skemma/smiðja [2983-067], hesthús [2983-068] og hlöður [2983-069] eru þó mögulega í eða við bæjarhólinn og þar með hluti af friðhelgi hans.

Tafla 1. Hættumat minjanna sem skráðar voru.

Hættumat	Fjöldi minja	%
Hætta	55	80
Ómetið	9	13
Engin hættu	5	7

Tillögur að mótvægisáðgerðum:

- Forðast skyldi að planta innan 15m friðhelgi þekktra minja.
- Fornu bæjarstæði [2983-016, 017, 018, 020 og 051] nærri mörkum við Ljósstaði er vel varðveitt minjaheild og elstu minjarnar sem skráðar voru. Mikilvægt er að ekki sé plantað nærri bæjarstæðinu þar sem minjarnar hafa hátt verndargildi og eru mikilvæg heimild um elstu byggð á Torfastöðum og í Vopnafirði. Þessum minjum mætti gefa víðari friðhelgi en venja er. Einnig þarf að fjarlægja girðingu sem liggur ofan á vestustu tóftinni.
- Sýnilegar minjar í heimatúni eru fáar en gamli bæjarhólinn [2983-050] er þó enn til staðar og skyldi forðast að planta í og við hann. Þó svo minjar sjáist þar ekki á yfirborði má búast við að neðanjarðar sé að finna byggðasögu bæjarins allt frá landnámi fram á miðja 20. öld. Þar má einnig búast við að séu leifar kirkju og kirkjugarðs [2983-065] úr frumkristni, en samkvæmt ritheimildum var kirkja á Torfastöðum allt fram á 14. öld.
- Fornar seltættur [2983-031 og 049] upp með Stóralæk eru með elstu minjum á Torfastöðum og mikilvægt að gefa þeim rými.
- Tóftir og garðlag í svokölluðu Stekkjarþýfi [2983-006 og 008] kunna í grunninn að vera gömul. Þar er því að finna minjaheild sem skyldi forðast að planta nærri.
- Tvær steinalagnir [2983-025 og 026] eru skráðar sem möguleg kuml, þó svo þar verði ekki fullrytt nema með frekari rannsókn. Þessar tvær hleðslur hafa því hátt rannsóknargildi.

Allar ákvarðanir um mótvægisáðgerðir eða breytingar á framkvæmdasvæðum eru í höndum Minjastofnunar Íslands. Þó svo að minjar sjáist ekki lengur á yfirborði kunna ummerki um þær að leynast neðanjarðar. Ef minjar koma upp við framkvæmdir ber að stöðva þær tafarlaust og tilkynna fundinn til Minjastofnunar sem metur hvort og til hvaða mótvægisáðgerða þarf að grípa.

Heimildaskrá

Björn Lárusson (1967). *The old Icelandic Land Registers*. Lund: Gleerup.

Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson (2000). *Múlasýslur, Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1847*. Sögufélag og Örnefnastofnun. Reykjavík

Halldór Stefánsson (1970). Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum. *Múlaping* 5. Sögufélag Austurlands, bls. 172-188.

Íslensk fornrit I. Íslendingabók. Landnámabók. Jakob Benediktsson (ritstj.). Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1986.

Íslendingasögur, X. Íslendingasagnaútgáfan. Reykjavík, 1953. Guðni Jónsson bjó til prentunar

Íslenzkt fornbréfasafn III 1262-1415. Kaupmannahöfn, 1896.

Íslenzkt fornbréfasafn IV 1265-1449. Kaupmannahöfn, 1897.

J. Johnsen (1847). *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn.

Sveitir og jarðir í Múlapingi I (1974). Búnaðarsamband Austurlands.

Örnefnaskrá Torfastaða. Jakob Einarsson skráði (Heimildarmenn Sigurður Gunnarsson o.fl.). Örnefnastofnun Íslands.

Netsíður:

Manntöl á vef Þjóðskjalasafns. Skoðað 26.06.2023

www.manntal.is

Túnakort sótt á heimasíðu Þjóðskjalasafns. Skoðað 14.10.2023

<https://testbirting.manntal.is/>

Fylgiskjöl

Minjar á Torfastöðum



Torfastaðanúpur

Skógar 1

Landamerki - útlína

2983-034 2983-035

2983-033

Sláttuhöll

2983-032

2983-031

Stórilækur

2983-027

2983-052

2983-053

-049

2983-028-31

2983-026

2983-005

2983-025

2983-036

2983-045

2983-037-42

2983-046

Mynd 3, bls. 8

2983-014

2983-054

2983-055

2983-043

2983-044

Torfastaðir

2983-056

2983-006

-007

-008

-022

-024

2983-016

-017

-018

-020

-051

2983-048

2983-047

2983-019

2983-009

2983-010

2983-061

2983-004

2983-001

2983-002

2983-003


2983-021

Ljótstaðir

Vesturdalsá



0 500 1,000 m



2983 - Torfastaðir - hnitaskrá

Númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur frá	Aldur_til	Ástand	Hættumat	Hættuorsök	Austun	Norðun
Minjar sem eru til staðar										
2983-001		refagildra	hleðsla	1850	1920	vel greinanleg	hætta	trjárækt	688095	587302
2983-002		heytoft	tóft	1850	1920	vel greinanleg	hætta	trjárækt	687995	587188
2983-003		varða	hleðsla	1900	1950	vel greinanleg	hætta	trjárækt	687790	586943
2983-004		heytoft	tóft	1800	1920	greinanleg	hætta	trjárækt	687891	587552
2983-005		stekkur	tóft	1800	1900	vel greinanleg	hætta	trjárækt	687344	589604
2983-006		fjárhús, hlaða, stekkur?	tóft	1900	1950	vel greinanleg	hætta	trjárækt	687836	588789
2983-007		óþekkt	tóft	1900	1960	vel greinanleg	hætta	trjárækt	687854	588789
2983-008		óþekkt	tóftapyrping	1800	1950	vel greinanleg	hætta	trjárækt	687863	588780
2983-009		heytoft	tóft	1800	1950	vel greinanleg	hætta	trjárækt	686967	587994
2983-010		beitarhús	tóft	1850	1950	vel greinanleg	hætta	trjárækt	687268	587994
2983-011		varða	kennimark	800	1950	vel greinanleg	hætta	trjárækt	686563	588435
2983-012		fjárhús, hlaða	tóft	1850	1950	vel greinanleg	hætta	trjárækt	686715	588668
2983-013		matjurtagarður	garðlag, niðurgröftur	1800	1950	vel greinanleg	hætta	trjárækt	686726	588687
2983-014		heytoft	tóft	1800	1950	vel greinanleg	hætta	trjárækt	687408	588854
2983-015		túngarður	garðlag	1800	1970	vel greinanleg	hætta	trjárækt	686866	588787
2983-016		óþekkt, skáli?	tóft	800	1500	vel greinanleg	hætta	trjárækt	686120	587603
2983-017		óþekkt	tóft	800	1500	vel greinanleg	hætta	trjárækt	686105	587567
2983-018		óþekkt	tóft	800	1500	vel greinanleg	hætta	trjárækt	686129	587603
2983-019		stekkur	tóft	1850	1920	vel greinanleg	hætta	trjárækt	686154	587624
2983-020		óþekkt	tóft	800	1500	vel greinanleg	hætta	trjárækt	686107	587589
2983-021		samgöngubót	leið	800	1970	vel greinanleg	hætta	trjárækt	687330	586687
2983-022		óþekkt, túngarður?	hleðsla	1700	1970	vel greinanleg	hætta	trjárækt	687840	588806
2983-023		óþekkt	tóft	1900	1960	vel greinanleg	hætta	trjárækt	687863	588776
2983-024		óþekkt	leið	1700	1960	vel greinanleg	hætta	trjárækt	687912	588800
2983-025		óþekkt, varða, kuml?	hleðsla, steinalögn	800	1800	vel greinanleg	hætta	trjárækt	686959	589571
2983-026		óþekkt	hleðsla, steinalögn	800	1900	greinanleg	hætta	trjárækt	686573	589674
2983-027		óþekkt, smalakofi?	tóft	1500	1900	vel greinanleg	hætta	trjárækt	686309	589798
2983-028		heytoft	tóft	1800	1950	vel greinanleg	hætta	trjárækt	686019	589872
2983-029		heytoft	tóft	1800	1950	vel greinanleg	hætta	trjárækt	685975	589867

2983 - Torfastaðir - hnitaskrá

Númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Hættuorsök	Austun	Norðun
Minjar sem eru til staðar										
2983-030		heyttóft	tóft	1800	1950	vel greinanleg	hætta	trjárækt	685983	589861
2983-031		sel	tóft	800	1700	vel greinanleg	hætta	trjárækt	685819	589962
2983-032		heyttóft	tóft	1500	1900	vel greinanleg	hætta	trjárækt	685787	590025
2983-033		smalakofi, heyttóft?	tóft	1800	1950	vel greinanleg	hætta	trjárækt	685820	590195
2983-034		heyttóft	tóft	800	1900	vel greinanleg	hætta	trjárækt	685385	590466
2983-035		heyttóft	tóft	1800	1950	vel greinanleg	hætta	trjárækt	685413	590463
2983-036		heyttóft	tóft	1800	1950	vel greinanleg	hætta	trjárækt	685440	589244
2983-037		kolagröf	niðurgroftur	800	1900	vel greinanleg	hætta	trjárækt	685595	588992
2983-038		kolagröf	niðurgroftur	800	1900	vel greinanleg	hætta	trjárækt	685596	588998
2983-039		kolagröf	niðurgroftur	800	1900	vel greinanleg	hætta	trjárækt	685600	588996
2983-040		kolagröf	niðurgroftur	800	1900	vel greinanleg	hætta	trjárækt	685605	588995
2983-041		kolagröf	niðurgroftur	800	1900	vel greinanleg	hætta	trjárækt	685609	588991
2983-042		kolagröf	niðurgroftur	800	1900	vel greinanleg	hætta	trjárækt	685608	588990
2983-043		óþekkt, varða	kennimark	800	1900	vel greinanleg	hætta	trjárækt	685825	588666
2983-044		kolagröf	niðurgroftur	800	1900	vel greinanleg	hætta	trjárækt	685926	588660
2983-045		varða	kennimark	1500	1900	vel greinanleg	hætta	trjárækt	685905	589086
2983-046		óþekkt, kvíar?	tóft	1800	1900	vel greinanleg	hætta	trjárækt	686382	588989
2983-047		heyttóft, mótóft?	púst	1800	1950	vel greinanleg	hætta	trjárækt	686273	587636
2983-048		heyttóft, mótóft?	púst	1800	1950	vel greinanleg	hætta	trjárækt	686279	587670
2983-049		sel	tóft	800	1700	vel greinanleg	hætta	trjárækt	685824	589957
2983-050	Torfastaðir	híbýli	bæjarhóll	870	1950	vel greinanleg	hætta	trjárækt	686728	588647
2983-051		óþekkt	tóft	870	1500	greinanleg	hætta	trjárækt	686100	587563
2983-052		heyttóft	tóft	1800	1950	vel greinanleg	hætta	trjárækt	684611	589907
2983-053		heyttóft	tóft	1800	1950	vel greinanleg	hætta	trjárækt	684619	589244
2983-060		gata	leið	800	1930	vel greinanleg	hætta	trjárækt	685119	590282
2983-061		kennimark	landamerki	1500	1950	vel greinanleg	engin hætta		688369	587629
2983-062		varða	kennimark	1500	2024	vel greinanleg	engin hætta		685662	591041
2983-063		gata	leið	800	1930	vel greinanleg	hætta	trjárækt	686135	587593

2983 - Torfastaðir - hnitaskrá

Númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Hættuorsök	Austun	Norðun
Minjar úr heimildum með hnitum										
2983-054	Kúavað	vað	heimild	1500	1970	greinanleg	engin hættu		687962	589177
2983-055	Búðavað	vað	heimild	1500	1970	greinanleg	engin hættu		687966	588821
2983-056	Sauðavað	vað	heimild	1500	1970	greinanleg	engin hættu		687631	588736
2983-057	Ullartangi?	ullarvinnsla	heimild	1500	1900	horfin			686855	588499
2983-058		fjárhús	heimild	1800	1950	horfin			686685	588490
2983-059		matjurtagarður	heimild	1900	1930	horfin			686741	588640
Óstaðsettar minjar										
2983-064	Mógarður	mótekja	heimild			horfin				
2983-65		bænhús	heimild	1916	1918	horfin				
2983-66		Fjárhús	heimild	1916	1918	horfin				
2983-67		Skemma, smiðja	heimild	1916	1918	horfin				
2983-68		hesthús	heimild	1916	1918	horfin				
2983-69		hlöður		1916	1918	horfin				